

1. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps mánudaginn 18. júní 2018 kl. 08:00.

Mættir voru Ásta B. Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Guðmundur Gíslason, Elín Grétarsdóttir og Ágústa Guðmarsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Gíslason.

Guðmundur Gíslason, aldursforseti, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Síðan leitaði hann afbrigða að bæta við undirliðum: Kaup á fartölvum, kaup á tækjum fyrir kaffistofu og næsti fundur hreppsnefndar.

Dagskrá

1. Skýrsla kjörstjórnar Ásahrepps um úrslit kosninga 26.maí 2018.

Kynnt og samþykkt

2. Kjör oddvita.

Kjörinn oddviti Ásahrepps Ásta B. Ólafsdóttir með 3 atkvæðum, 2 seðlar auðir.

Guðmundur óskaði Ástu til hamingju með kosninguna og bauð nýkjörnum oddvita að taka við fundarstjórn. Ásta þakkaði fráfarandi sveitarstjórn og nefndarfólki.

3. Kjör varaoddvita .

Kjörinn varaoddviti Ásahrepps með 3 atkvæðum er Brynja J. Jónasdóttir, 2 seðlar auðir

4. Kjör ritara hreppsnefndar.

Kjörinn er Guðmundur Gíslason með 3 atkvæðum, 2 seðlar auðir.

5. Kjör nefnda samkvæmt samþykktum Ásahrepps.

Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd.

Ágústa Guðmarsdóttir formaður, Örn Ingvarsson, Pétur Einarsson

til vara: Erla Brimdís Birgisdóttir, Grétar Guðmundsson og Helga Björg Helgadóttir.

Brunavarnir Rangárvallasýslu

Guðmundur Gíslason

til vara: Karl Ölvisson

Kosið var um varamann og fékk Karl 3 atkvæði (ÁBÓ, GG, BJJ) en Jakob S. Þórarinnsson 2 atkvæði (EG, ÁG)

Fjallskiladeild Holtamannafréttar

Karl Ölvisson

til vara: Andri Leó Egilsson

Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar

Kristín Ósk Ómarsdóttir formaður, Kristjana Ragnarsdóttir, Benedikt Jónsson

til vara: Renate Hanneman, Einar M. Þórarinsson, Ómar Baldursson.

Oddi bs.

Ásta B. Ólafsdóttir

til vara: Brynja J. Jónasdóttir

Sameiginlegt þjónustuvæði Suðurlands við fatlaða - Bergisinn

Þar hefur verið einn frá Mýrdalshreppi en á að kjósa nýja stjórn í dag.

Félagsmálanefnd Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu

Kosið var um aðalmann og hlaut Kristín Ósk Ómarsdóttir 3 atkvæði og Elín Grétarsdóttir 2 atkvæði.

til vara: Fanney Björg Karlsdóttir

Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárbings ytra

Ásta B. Ólafsdóttir, Guðmundur Gíslason, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir.

Skipulagsnefnd uppsveita

Guðmundur Gíslason

Kosið var um varamann og hlaut Ásta B. Ólafsdóttir 3 atkvæði og Nanna Jónsdóttir 2 atkvæði

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Ásta Begga Ólafsdóttir.

til vara: Helga Björg Helgadóttir.

Stjórn Húsakynna bs.

Brynja J. Jónasdóttir

til vara: Guðmundur Gíslason

Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárv- og Vestur- Skaftafellssýslu

Brynja J. Jónasdóttir – samþykkt (ÁBÓ. BJJ. GG) (EG og ÁG sitja hjá)

Kosið var um varamann og fékk Ásta B. Ólafsdóttir 3 atkvæði og Kristín Ósk Ómarsdóttir 2 atkvæði

Umhverfisnefnd

Trausti Þ. Sigurðarson formaður, Ingibjörg Sveinsdóttir, Vilberg Skúlason

til vara Kristín Ósk Ómarsdóttir, Sigurður Rúnar Sigurðarson, Hulda Brynjólfsdóttir.

Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps

Guðmundur Gíslason

til vara: Elín Grétarsdóttir

Öldungaráð Rangárvallasýslu

Fanney Björg Karlsdóttir

til vara: Ágústa Guðmarsdóttir

Skógasafn

Elín Grétarsdóttir

til vara: Helga Björg Helgadóttir

Vatnajökulsþjóðgarður

Erlingur Freyr Jensson

til vara: Ásta B. Ólafsdóttir

Útivistarnefnd

Ágústa Guðmarsdóttir formaður, Erlingur Freyr Jensson, Trausti Þór Sigurðarson

til vara: Árni Pálsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir

Lundur

Ásta B. Ólafsdóttir

til vara: Brynja J. Jónasdóttir

Héraðsnefnd

Ásta B. Ólafsdóttir

til vara: Guðmundur Gíslason

Bókasafnsnefnd

Björg Kr. Björgvinsdóttir

til vara: Kristín Hreinsdóttir

Ungmennaráð

Halla Rún Erlingsdóttir

til vara: Sveinn Skúli Jónsson

6. Auglýsing eftir sveitarstjóra.

Elín Grétarsdóttir óskaði eftir að málið yrði lagt fram til kynningar þar sem hún hefði ekki séð gögn. Málinu frestað til næsta fundar.

7. Styrkumsókn.

Umsókn um styrk frá Kristjáni Árna Birgissyni í hestamannafélaginu Geysi sem hefur verið valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegu hestaíþróttamóti „FEIF Youth CUP“ sem haldið verður í Axevalla í Svíþjóð 28. júlí – 4. ágúst 2018. Áætlaður kostnaður er 170.000 krónur

Samþykkt var að þörf væri á að móta reglur fyrir sveitarfélagið vegna styrkveitinga.

Samþykkt var að veita krónur 60.000. Bókast á lið 02-80, ýmsir styrkir

8. Skólaakstur.

Vegna skólabíls, erindi frá foreldrum.

Samþykkt að fela oddvita að svara bréfi foreldra í samræmi við bókun fundarins.

20180611_Mennta og menningarmálaráðuneytið, skólaakstur

„Erindi foreldra Laugalandsskóla um öryggisþætti í skólabílum lagt fram. Samþ. samhljóða að fela framkvæmdarstjóra Odda bs. að fara yfir málin með skólastjóra og leggja fram tillögur á næsta fundi“

Samþykkt var að vísa málinu til Odda bs. og ítreka að málið verði tekið fyrir og afgreitt sem allra fyrst.

Oddvita falið að svara Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samræmi við bókun fundarins.

9. Kosning fulltrúa á fund Bergrisans.

Ásta B. Ólafsdóttir og Brynja J. Jónasdóttir

10. Kosning fulltrúa á aukaaðalfund SASS.

Ásta B. Ólafsdóttir og Brynja J. Jónasdóttir

11. Áburðarkaup.

Samþykkt að taka tilboði frá Sláturfélagi Suðurlands á Yara áburði.

Oddvita falið að vinna málið áfram.

12. Erindi.

20180611 Landsþing Íslenskra sveitarfélaga, Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022

Samþykkt : Aðalmaður: Ásta B. Ólafsdóttir og varamaður: Brynja J. Jónasdóttir

Áhersluverkefni SASS - Plastpokalaust Suðurland

Til kynningar

I20180611_Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, erindi byggðarsamlög og fl.

Oddvita falið að svara erindinu.

Aðgerðir í kjölfar #MeToo byltingar - verkefni hjá sveitarfélögum

Sveitarstjórn fagnar umræðunni og oddvita falið að svara bréfinu.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra – 48. fundur

„Sveitarstjórn Rangárbings ytra leggur til við stjórn HES og aðildarsveitarfélög HES að tekið verði upp til efnislegrar umræðu og afgreiðslu við fyrsta tækifæri hvort stjórn HES skuli taka lán til greiðslu á skuldbindingum HES vegna Brúar lífeyrissjóðs allt að fjárhæð 35 milljónir króna eins og upphafleg ákvörðun var tekin um í stjórn HES þann 25. janúar 2018“.

Sveitarstjórn tekur undir álit Sveitarstjórnar Rangárbings ytra

13. Fundargerðir.

7. fundur Tónlistarskóla Rangæinga

Samþykkt

32. stjórnarfundur á Lundi 23.05.18.

Til kynningar

32. fundur stjórnar Félags- og skólab.

Samþykkt

157. fundur skipulagsnefndar og afgreiðsla byggingarfulltrúa 18-79. 156. fundur skipulagsnefndar lagfærður og undirritaður.

Til kynningar

157. fundur skipulagsnefndar

Mál nr.1 þarfnast umfjöllunar

Krókur land L208423: Hlíð: Breytt heiti lóðar - 1805011

Lagt fram bréf umsækjanda dags. 15.05.2018 vegna fyrri umsóknar dags. 23.04.2018 þar sem gerð er ítarlegri grein fyrir að nafn lóðar Krókur land lnr. 208423 verði breytt í Hlíð. Málinu var frestað á síðasta fundi skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lóðin fái heitið Hlíð.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Mál nr. 2 þarfnast umfjöllunar

Jarðstrengslögn í Ásahreppi: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi: Aðalskipulagsbreyting – 1805012

Lögð fram tillaga Eflu verkfræðistofu að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps. Breyting felur í sér að sett er inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir 66kV jarðstreng í stað hennar. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.

Lagt fram til kynningar þar sem ekki liggur ekki fyrir samþykki landeigenda.

Hreppsnefnd tekur undir bókun Skipulagsnefndar

Mál nr. 3 þarfnast umfjöllunar

Lækjartún: Ásahreppur: Tengivirki vegna jarðstrengs: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi: Deiliskipulag - 1805013

Lögð er fram lýsing deiliskipulags Eflu verkfræðistofu vegna fyrirhugaðs tengivirkis í Landi Lækjartúns í Ásahreppi. Fyrirhuguð er bygging tengivirkishúss, norðan Suðurlandsveggar. Afmörkuð verður lóð fyrir tengivirkið og settir byggingarskilmálar fyrir það. Aðkoma að tengivirkinu verður af Suðurlandsvegi, austan Kálfholtsveggar (nr. 288) og um nýjan aðkomuveg.

Lagt fram til kynningar. Ekki liggur fyrir samþykki landeiganda. Óskað er eftir nánari upplýsinum um umfangi umrædds tengivirkis

Hreppsnefnd tekur undir bókun Skipulagsnefndar.

Mál nr. 4 þarfnast umfjöllunar

Miðmundarholt 1-6: Ásahreppur: Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis: Aðalskipulagsbreyting - 1804005

Lögð fram tillaga Eflu verkfræðistofu að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breyttrar notkunar lóðar þar sem heimiluð verði heimagisting í flokki II sbr. reglugerð 1277/2016, á íbúðarsvæði 13, á Miðmundarholti í landi Króks í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í dag.

Í ljósi umfangs er málinu frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur.

Hreppsnefnd tekur undir bókun Skipulagsnefndar

Mál nr. 5 þarfnast umfjöllunar

Miðmundarholt 1-6: Ásahreppur: Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis: Deiliskipulagsbreyting - 1805050

Lögð er fram tillaga Eflu verkfræðistofu dags. 9. maí 2018 að breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðmundarholt í Ásahreppi. Á hverri lóð verður heimilað að byggja allt að 250 m² íbúðarhús. Einnig verður heimilt að byggja annaðhvort allt að 500m² skemmu eða 450m² skemmu og allt að 80m² gestahús. Heimiluð er gisting fyrir allt að 8 manns á hverri lóð.

Í ljósi umfangs er málinu frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur.

Hreppsnefnd tekur undir bókun Skipulagsnefndar.

Mál nr. 6 þarfnast umfjöllunar

Laufás L201664: Aukið byggingarmagn: Fyrirspurn - 1805044

Lögð er fram umsókn Steins Loga Björnssonar dags. 16.05.2018. Óskað er eftir að byggja 200 m² hesthús/geymslu á jörðinni Laufás lnr. 201664, innan byggingareits sem er tilgreindur á uppdrætti. Skv. fasteignaskrá er lóðin skráð 37057 m² að stærð. Fyrir er íbúðarhús sem er skráð 147,6 m² að stærð. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af lóðinni.

Að mati skipulagsnefndar er forsenda þess að hægt sé að veita byggingarleyfi í samræmi við fyrirspurn að unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið.

Hreppsnefnd tekur undir bókun Skipulagsnefndar

196. stjórnarfundur 11.06.18_Sorpstöð Rang.

Samþykkt

11052018_utu_seyrustaðir_fundargerð

Til kynningar

20180611_seyrusamningur

Samþykkt fyrir okkar leiti

fundargerð félagsmálanefndar

Til kynningar

Ársreikningur Félags og skólalag Rang og V_Skaft 2017_áritaður 22_05_2018

Samþykkt

1806009HS - fundargerð 187. fundar HES og ársskýrsla 2017

Til kynningar

14. Til kynningar.

532. fundur stjórnar SASS haldinn á Hótel Höfn 3. maí 2018, kl. 20:30 – 22:00 4. maí 2018.

Viðburðadagatal Suðurlands á www.south.is

Ungt fólk jafnréttismál taktu daginn frá!

Sveitarstjórn Rangárbæis ytra - 48

Tíðindi - af vettvangi sveitarstjórn mála

Sveitarfélögin og ESA

Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum

Skattar 2018. Einstaklingar. Álagningarskráin liggur frammi á skattstofunni á Hellu.

Nýr kjarasamningur við Félag grunnskólakennara undirritaður
Kynningarfundir vegna kjarasamnings FG - Uppfærðar upplýsingar
Kynninga á Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 - Örugg endurnýjanlega orka fyrir þig
Kvarðinn - fréttabréf Landmælinga Íslands
FW Hljóðfæragejald júní 2018
Fundargerð 860. fundar stjórnar sambandsins
Aðalfundarboð Háskólafélags Suðurlands 2018
Fundargerð 33. fundar stjórnar Bergrisans bs frá 8. maí 2017
Fundarboð - aukaaðalfundar Bergrisans 18. júní nk
Fullveldi Íslands 100 ára Viðburðir 23. - 30. Maí
Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030
Fréttatilkynning Úrslit og lokahóf Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2018
Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2017
20180611_Ráðstefna mat á stuðningsþ. Barna
533. fundur stjórnar SASS.
stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga – 860

15. Kaup á fartölvum.

Oddvita falið að ganga frá samningi við TRS á Selfossi um tölvukaup og töskur fyrir sveitarstjórn – 5 tölvur.

16. Kaup á tækjum á kaffistofu.

Samþykkt að fela oddvita að kaupa kæliskáp, kaffikönnu og hitakönnu

17. Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn þriðjudaginn 26. júní nk. kl. 08:30 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Ásta B. Ólafsdóttir (sign)

Elín Grétarsdóttir (sign)

Guðmundur Gíslason (sign)

Ágústa Guðmarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)